

Samkomulag um aukna byggðafestu á Bakkafirði

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf um nýtingu ~~a.m.k.~~ 150 þorskígildistonna aflamarki fiskveiðirárið 2015/2016, og a.m.k. 125 þorskígildistonna aflamarki fiskveiðarárin 2016/2017 og 2017/2018, ásamt mótframlögum samstarfsaðila Byggðastofnunar skv. fylgiskjali 1 með samningi þessum, í því skyni að treysta byggðafestu á Bakkafirði. Samningur þessi er gerður á grundvelli reglugerðar nr. 606 /2015, umsóknar vinnslu- og útgerðaraðila á Bakkafirði og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar 26. febrúar 2016.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun, kt. 450679-0389
- Toppfiskur ehf. – Kt. 491187-1749
- Halldór fiskvinnsla ehf. – Kt. 550502-8520
- Marínó Jónsson ehf. – Kt. 711296-2049
- Hraungerði ehf. – Kt. 420485-0429
- Hróðgeir hvíti ehf. – Kt. 660404-3330
- Þollur ehf. – Kt. 630609-1270
- Lómagnúpur ehf. – Kt. 450107-0930
- Fljótir flutningar ehf. – Kt. 680308-2840

1.

Megin markmið samnings þessa er að auka byggðafestu á Bakkafirði. Í því skyni stefna samningsaðilar að stöðugri heilsárs fiskvinnslu í byggðarlaginu, að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum fyrir karla og konur við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi á Bakkafirði til lengri tíma, og að draga sem mest úr óvissu um framtíð byggðarlagsins.

2.

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðarárin 2015/2016, 2016/2017 og 2017/2018 með fyrirvara um endurskoðun við upphaf hvers fiskveiðarárs þar sem lagt verður mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir. Samningurinn er einnig gerður með fyrirvara um það magn sem atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti úthlutar til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

3.

Toppfiskur ehf. (frá 2008) og Halldór - fiskvinnsla hafa rekið fiskvinnslu á Bakkafirði á undanföllum árum en nokkuð hefur vantað á að um stöðuga heilsársvinnslu hafi verið að ræða. Reynslan sýnir að vinnsla á tímabili yfir vetrarmánuðina er mjög erfið, en tekist hefur að halda fullri starfsemi við þurrkun á afurðum á þessu tímabili. Nú horfir svo við að markaðsaðstæður bjóða ekki upp á slíka vinnslu í dag.

4.

Byggðastofnun leggur til ~~a.m.k.~~ 150 þorskígildistonna aflamark fiskveiðirárið 2015/2016 og ~~a.m.k.~~ 125 þorskígildistonna aflamark fiskveiðarárin 2016/2017 og 2017/2018 en mótframlag samstarfsaðila verkefnisins er eftirfarandi:

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'APK', 'JH', and 'PN'.

- a) Árlegt aflamark í þorskígildistönnum sem á fyrsta ári nemur allt að 509,5 tonnum og nánar er sundurliðað í fylgiskjali 1 á grundvelli umsókna samningsaðila, en að lágmarki 450 tonn og síðan árlega eigi minna magn en sem nemur þreföldu aflamarki Byggðastofnunar.
- b) Annað eigið framlag s.s. aðkeypt hráefni til vinnslu, samkvæmt samkomulagi um vinnsluaðferðir. Aðrar fisktegundir sem ekki eru á aflaheimildum skulu einnig metnar sem mótframlag í þorskígildum
- c) Mögulegt er að fá aðflutta afurð til framhaldsvinnslu metna sem mótframlag en um það skal samið sérstaklega fyrirfram.

5.

Aflamarki Byggðastofnunar á fiskveiðiárinu 2015/2016 verður skipt á milli teymanna sem skilgreind eru í 8. gr. samkomulags þessa í samræmi við innsendar umsóknir til Byggðastofnunar. Þannig koma 107 tonn í hlut teymis Toppfisks ehf. ($150/210 \cdot 150 = 107$) og 43 tonn í hlut teymis Halldórs-fiskvinnslu ehf. ($60/210 \cdot 150 = 43$). Þessi skipting er háð því að teymin standi við áætlun sína um veiðar og vinnslu. Vanti uppá vinnslumagn hjá öðru hvoru teyminu skal skipta heimildunum skv. rauntölum viðkomandi uppgjörstímabils.

6.

Fiskiskipum er skylt að landa öllu aflamarki samkvæmt samkomulagi þessu til vinnslu á Bakkafirði sbr. samning útgerða og vinnslu (fylgiskjal 1) og 7. gr. reglugerðarinnar. Að sama skapi er fiskvinnslu skylt að vinna allan afla samkvæmt samkomulagi þessu á Bakkafirði, þó þannig að ef ákveðnar tegundir og stærðir fisks henta ekki til vinnslunnar er heimilt að skipta þeim út gegn sama magn í þorskígildum til vinnslu af öðrum tegundum og stærðum. Að sama skapi er vinnsluaðila heimilt að selja frá sér afla, að jafngildi í þorskígildum, skv. samkomulagi þessu á móti hráefni sem hann sannanlega hefur keypt til vinnslunnar á markaði.

7.

Á gildistíma samningsins er útgerð óheimilt að framselja aflamark sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum, sem og annað aflamark sem er hluti samkomulags þessa, þ.m.t byggðakvóta skv. 4. gr. reglugerðar nr. 664/2013, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

8.

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er. Samstarfsaðilar eru skilgreindir sem tvö teymi; annars vegar Toppfiskur ehf. sem vinnsluaðili og Marínó Jónsson ehf., Hróðgeir hvíti ehf., Lómagnúpur ehf. og Fljótir flutningar ehf. sem útgerðaraðilar og hins vegar Halldór fiskvinnsla ehf. sem vinnsluaðili og Halldór fiskvinnsla ehf., Hraungerði ehf. og Pollur ehf. sem útgerðaraðilar.

9.

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðarinnar verið brotin sbr. 9 grein reglugerðarinnar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða gagnvart hinum brotlega aðila og gildir sú riftun þá gagnvart því teymi samstarfsaðila sem skilgreint er í 6. gr. samkomulags þessa. Sé úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða reglugerð nr. 606/2015 skal útgerðaraðili skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

10.

Handwritten signatures and initials in the bottom right corner, including names like 'JPP', 'JJS', 'JJS', and 'EFD'.

Vigtarskýrslur og gögn Fiskistofu um landaðan afla liggja til grundvallar eftirfylgni gagnvart útgerðaraðilum í samningi þessum. Vinnsluaðilar skuldbinda sig til þess að leggja fram skýrslu um mótttekinn og unnin afla við lok hvers uppgjörstímabils eins og þau eru skilgreind í samkomulagi útgerðar- og vinnsluaðila sem er fylgiskjal 1 með samkomulagi þessu og telst hluti þess. Færsla aflaheimilda skv. 3. gr. fylgiskjals 1 er háð því að viðkomandi afli hafi verið unninn á Bakkafirði. Vinnsla er hér skilgreind þannig að um sé að ræða flökun, flatningu, herslu eða aðra vinnslu á neytendamarkað. Vinnsluaðilar skuldbinda sig til þess að heimila eftirlitsaðila sem Byggðastofnun tilnefnir skoðun á frumgögnum skýrslugerðarinnar sem eru gögn úr rekjanleikakerfum þeirra.

11.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

12.

Fylgiskjöl með samningi þessum eru:

1. Samkomulag útgerðar- og vinnsluaðila á Bakkafirði með nánari útfærslu á skiptingu aflamarks milli aðila dagsett í dag.
2. Áætlun um veiðar og vinnslu samningsaðila á Bakkafirði (fylgiskjal 1 með samningi vinnslu- og útgerðaraðila á Bakkafirði)
3. Umsóknir um aflamark Byggðastofnunar dags. 3. og 4. des. 2015.


Bakkafirði 31/3 mars 2016

F.h. Byggðastofnunar


F.h. Toppfisks ehf.



F.h. Marinós Jónssonar ehf.




F.h. Hróðgeirs hvíta ehf.




F.h. Lómagnúps ehf.




F.h. Halldórs fiskvinnslu ehf.



F.h. Hraungerðis ehf.



F.h. Þolls ehf.



F.h. Fljótra flutninga ehf.

